Őreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

44. tölublað | Þriðjudaginn 13. desember | 6. árgangur. | Verð kr. 60.

Hvað bætir vísitalan

Nýverið hækkaði verð á nokkrum landbúnaðarafurðum. Eins og ætíð, er reynt að draga athygli fólks frá aðalatriðum, sem í þessu tilviki er kjaraskerðing launafólks, að öðrum atriðum, sem nú eru holl eða óholl fæða. Öll borgarapressan er hreinlega uppfull af því, hvort bændur séu að reyna að drepa neytendur úr kransæðastíflu. (Sést þar mörgum yfir, að bændur eru líka neytendur)


Auðvitað ber að fagna því að smjör skuli ekki hækka í verði. Sömuleiðis mótmælum við hækkun á öðrum vörum, vegna þess að slíkt er skerðing á kaupmætti. Þeir sem eru í megrun, geta enn keypt undanrennu og smjörlíki á lægra verði en mjólk og smjör Mestu máli skiptir, hvort launafólk fær þessar verðhækkanir bættar.

Laun hækkuðu 1. des. s.l. en hjá mánaðarkaupsfólki kemur sú hækkun ekki til útborgunar fyrr en í lok mánaðarins. Verðhækkanir, sem sagðar eru stafa m.a. af þessum launahækkunum, eru hins vegar þegar skollnar á. Vísitalan bætir þessar hækkanir ekki nema að hluta. Í vísitölunni er gert ráð fyrir að meðalfjölskyldan neyti ákveðins magns af vissum vörutegundum. Þegar þessar vörur hækka, á kaupgjaldsvísitalan að bæta hækkunina á þessu ákveðna magni. Nú eru ekki nærri allar neysluvörur inni í vísitölugrundvellinum og enn fremur hafa neysluvenjur breyst frá því að grundvöllurinn var saminn fyrir mörgum árum, svo hlutföll hinna ýmsu vörutegunda hafa breyst. Því er nú reynt að koma verðhækkunum mest á þær vörur, sem neysla hefur aukist á, en eru lágt skrifaðar í vísitölugrundvellinum. Auk þess hvernig þetta skerðir vísitölubætur, þá eru u.þ.b. 30% af hækkunum á landbúnaðarvörum aldrei reiknaðar inn í vísitölubæturnar.

Verðhækkun á landbúnaðar-

framhald á síðu 3.





Barátta námsmanna

Kjarabaráttunefnd námsmanna gekkst fyrir aðgerðum framan við Alþingishúsið fimmtudaginn 8. des. s.l.

Var fundurinn haldinn til að leggja áherslu á kröfur námsmanna um efnahagslegt jafnrétti til náms. Með fundinum var stigið fyrsta skrefið til að vekja upp þá baráttu fjöldans í lánamálum sem koðnaði niður s.l. vor. Stefnt er að því að stofna umræðuhópa um lánamálin í þeim skólum og deildum, þar sem slíkir hópar hafa ekki enn verið myndaðir.

Kjarabaráttunefnd hyggst einnig senda fulltrúa sína í alla mennta- og iðnskóla til að kynna lánamálabaráttuna þar og fá þaðan stuðning og betur meðvitaða námsmenn. Þess er vænst að lánamálahóparnir muni leiða til aukinnar virkni og frumkvæðis einstakra skóla og deilda í baráttunni.

Námsmenn erlendis, sem hafa orðið mjög illa úti vegna hertra lánakjara og rýrnandi gengis krónunnar, hafa löngum verið í fararbroddi í baráttunni fyrir bættum kjörum námsmanna. Nokkur hluti þeirra kemur heim um jólin og hyggst halda ráðstefnu um lánamálin helgina fyrir jól.

Verður ráðstefna þessi opin öllum námsmönnum. SÍNE hvetur alla námsmenn til að skrá sig á ráðstefnuna eða í annað starf, sem SÍNE mun skipuleggja.

Í tilefni aðgerðanna á fimmtudaginn 8. des. gáfu námsmenn út dreifirit til að kynna kröfur sínar fyrir almenningi.

Í ritinu eru meðal annars tekin tvö dæmi um kjör námsmanna. Þar segir: "Námsmaður utan foreldrahúsa".

Lánasjóður metur fjárþörf námsmanns á kr. 82.300 á mánuði, af þessari upphæð fær hann 85% eða 69.955. Ef námsmaður hefur 3 mánuði í sumarleyfi og vinnur sér inn 400.000 kr. þá fær hann í lán kr. 530.000. Hann hefur því að meðaltali kr. 77.500 til að lifa af á mánuði. Námsmenn eru sem sagt ekki álitnir hafa sömu fjárþörf og aðrir.

"Hjón í námi með 2 börn"

Lánasjóðurinn metur þeirra fjárþörf eins og einstaklinga þ.e.a.s. hann lánar þeim 69.955 kr. á mánuði hvoru um sig og tekur þar af leiðandi ekkert tillit til barnanna. Ef þau hafa hvort um sig 4 mánuði í sumarleyfi og vinna sér inn samtals 700.000 kr. þá fá þau í lán kr. 1.820.000. Á sama tíma er fjármagnsþörf vísitölufjölskyldunnar talin 2.225.000. Þau eru rúmlega vísitölufjölskylda, hvernig eiga þau að brúa bilið, hvar eiga þau að fá tæpa hálfa milljón? Ekki er hægt að ætlast til, að þau sæki það fé í vasa foreldra, enda eru margir foreldrar ekki aflögufærir, auk þess sem það er bæði sjálfsögð og eðlileg krafa að þau geti verið efnahagslega sjálfstæðir einstaklingar.

Síðan segir í ritinu: "Á þessum dæmum sést greinilega, að námsmenn eru langt frá því að vera forréttindahópur í þjóðfélaginu, enda ætlast þeir alls ekki til þess. Hins vegar ætlast þeir til þess, að þeir geti búið við mannsæmandi kjör. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að námslán eru einu lánin í þjóðfélaginu sem eru að fullu vísitölutryggð og greiðast

framhald á baksíðu.





Mótmælastaða á Austurvelli

Næsta blað

Næsta blað mun koma út þri. 20. des. Verður það tvö tbl. nr. 45 og 46.
Meðal efnis þar verður:
GRÆNLAND
PALESTÍNA
"HAGUR OKKAR ALLRA"
JÓLIN (kaupmennska, kristin trú, heiðin jól, o fl.)
FRÁ ÞINGI VERKAMANNASAMBANDSINS. Ræður félaga á þinginu.

Síðasta blaðið á þessu ári kemur svo út þri. 27. des. Það verður einnig átta síður og tvö tbl. nr. 47. og 48.
Meðal efnis þar verður:
ANNÁLL LÍÐANDI ÁRS
Innlendir og erlendir atburðir raktir í máli og myndum. Þar verður greint frá hvaða barátta átti sér stað og hvernig henni lyktaði á árinu.

Þetta blað

Frá 8. þingi VMSÍ
sjá bls. 2

Íslensk framleiðsla eða íslensk framleiðsla
sjá baksíðu

Hin tíu megintengsl
sjá bls. 3

Rauða Stjarnan
Bókabúð

LINDARGÖTU 15. sími 27810.

Fram að jólum verður Rauða Stjarnan opin frá kl. 13:00 og eins lengi og aðrar verslanir á mán. til fös. Á laugardögum verður búðin opin allan daginn eins og aðrar verslanir.

Vöruverð í Rauðu Stjörnunni er yfirleitt lægra en í öðrum bókabúðum.

RITGERÐIR MAÓS TSETUNGS I-III kr. 6.900.-
ÚRVALSRIT MARX OG ENGELS I-II kr. 4.200.-
LENÍN: HVAÐ BER AÐ GERA - RÍKI OG BYLTING - VINSTRI RÓTTÆKNI - HEIMSVALDASTEFNAN. kr. 2.000.-

Innlendar og erlendar bækur - erlend blöð.

ATHUGIÐ BREYTTAN OPNUNARTÍMA.

LEIÐARI

Endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki

Helgina 2. - 4. desember var haldið 8. þing Verkamannasambands Íslands. Fyrir margra hluta sakir var þetta árangursríkt þing og ef rétt er á málum haldið og staðið við samþykktir þingsins, kann það að vissu leyti að marka tímamót í sögu verkalýðshreyfingarinnar.

Einn merkasti ávinningur þessa þings er einróma stuðningur við kröfuna um lífvænleg laun fyrir 40st. vinnuviku. Kommúnistaflokkur Íslands/ML hefur einn allra stjórnmálaflokka haldið þessari kröfu á lofti nú síðustu árin og ávallt litið svo á, að hún væri mikilvægasta krafa íslensks verkalýðs í hagsmunabaráttunni í dag. Kaupmáttur meðalkauptaxta verkamanna hefur verið langt undir framfærslukostnaði, miðað við eðlilegan dagvinnutíma. Því hefur íslenskur verkalýður orðið að leggja á sig óhóflegan langan vinnutíma - einfaldlega til þess að eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. En krafan er líka pólitísks eðlis, því með því að koma á 40st. vinnuviku í reynd, skapast skilyrði fyrir fjölmargt verkafólk til að geta tekið þátt í pólitísku og félagslegu starfi.

Önnur mikilvæg samþykkt á þinginu miðar að því að gjörbreyta starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar á þann veg, að styrkja hin einstök aðildarfélög sambandsins með því að þau hefji nú þegar umræður í sínum félögum, og þá fyrst og fremst á vinnustöðunum, til að ræða baráttuna framundan og móta kröfurnar fyrir komandi samninga. Með þessu er reynt að gera verkalýðsfjöldann virkari í öllu starfi hreyfingarinnar, en á það hefur all mjög skort undanfarin ár og áratugi.

Þá ber einnig að fagna þeirri viðleitni Verkamannasambandsins að standa sér að næstu samningum, en það er fyllilega gefið í skyn í ályktun þingsins um undirbúning kjarasamninga. Þessa viðleitni hljótum við að styðja, því hún dregur úr miðstýringu ASÍ-forystunnar, sem reynt hefur að draga að sér öll völd innan verkalýðshreyfingarinnar. Á það má t.d minna, að Snorri Jónsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, átti að vera meðal gesta þingsins, en hann lét ekki sjá sig og engin skýring gefin á fjarveru hans.

Aftur á móti er ekki ástæða til að draga fjöður yfir þá staðreynd, að fjölmörg smærri verkalýðsfélög utan af landi eru að meira eða minna leyti í andstöðu við forystumenn stærstu verkalýðsfélaganna, s.s. Dagsbrúnar og Framsókn og Einingar á Akureyri. Þessar andstæður voru ekki mjög skarpar á þinginu, fyrst og fremst vegna þess að helstu verkalýðsforkólfarnir gáfu verulega eftir fyrir kröfum róttækari afla innan VMSÍ. Framtíðin mun hins vegar leiða í ljós, hvort þessar andstæður eiga eftir að skerpast til muna.

Þegar meta skal árangur þessa þings verður að hafa það hugfast, að það er engan veginn nóg að hafa náð fram mikilvægum samþykktum. Hver einasti verkamaður og verkakona verður að fylgjast vel með framvindu mála og vera vakandi fyrir því, að forystumenn verkalýðsfélaganna standi við gerðar samþykktir. Hinn almenni félagsmaður verður að vera reiðubúinn að afhjúpa hvern þann forystumann í sínu félagi, sem gerir minnstu tilraun til að svíkja gefin fyrirheit.

Framundan er harðnandi barátta og það þarf mikið átak til að lyfta verkalýðsfélögunum úr þeirri ládeyðu, sem þau hafa verið í undanfarin á. Markmiðið er að endurreisa stéttarfélögin sem raunveruleg baráttutæki í höndum vinnandi fólks til sjávar og sveita

ÁSKRIFENDUR! BORGIÐ BLAÐIÐ FYRIR ÁRAMÓT!

VENJULEG ÁSKRIFT HEILT ÁR KR: 3.000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT HEILT ÁR KR. 5.000.-

HÁLFT ÁR KR. 1800.- GIRO 27810-6

Frá 8. þingi VMSI

Ályktun um kjaramál

8. þing Verkamannasambands Íslands fagnar þeim árangri sem náðist í kjarasamningunum á s.l. vori og hvetur jafnframt öll samtök launafólks til að vera vel á verði gegn öllum tilraunum ríkisvalds og atvinnurekenda til að skerða þá kaupmáttaraukningu sem fékkst í samningunum.

Sífellt harmakvein atvinnurekenda undanfarna mánuði, um að atvinnuvegirnir þoli ekki þær kauphækkanir sem til framkvæmda komu í júní s.l. fær ekki staðist, þar sem benda má á, að aukning þjóðartekna hefur verið meiri en ætlað var og skilyrði fyrir varanleika kaupmáttaraukningar því enn hagstæðari en talið var fyrr á þessu ári. Verkalýðshreyfingin getur á engan hátt tekið mið af einkahagsmunum atvinnurekenda, heldur verður hún að miða kröfur sínar við þarfir verkafólks.

Samt sem áður eru nú ýmis merki þess að ríkisvaldið hyggist í samvinnu við atvinnurekendur reyna að ráðast gegn kjörum almennings með skerðingu á vísitölubótum, eða með skattahækkunum eða verulegri gengislækkun eða öðrum ráðum.

Þing Verkamannasambandsins mótmælir eindregið öllum slíkum áformum og minnir á þau ákvæði kjarasamninganna sem tryggja verkalýðshreyfingunni rétt til að segja þeim lausum verði gripið til fjandsamlegra efnahagsaðgerða. Þing Verkamannasambandsins varar því ríkisvaldið og atvinnurekendur eindregið við þeim aðgerðum sem ýmsir úr þeirra röðum hafa boðað og ítrekar þá samþykkt sambandsstjórnar ASÍ að slík þróun mála muni eingöngu leiða til mikilla átaka á vinnumarkaðinum og magna enn frekar efnahagsvandann.

Verðbólga undanfarinna ára er ekki sök launafólksins í landinu. Hún er m.a. bein afleiðing af skipulagslausri fjárfestingu, handahófskenndum og röngum aðgerðum í lánamálum, aðgerðarleysi í verðlagsmálum, húsnæðismálum og skattamálum og á öðrum sviðum efnahagsmálanna sem einkennt hefur valdaferil ríkisstjórnarinnar.

Þing Verkamannasambandsins áréttar að reynsla undanfarinna ára hefur enn einu sinni sannað að án samtengingar faglegrar og pólitískrar baráttu nær verkalýðshreyfingin aldrei varanlegum árangri í viðleitni sinni til að skapa vinnandi fólki betri kjör, félagslegt öryggi og aðstöðu til þroskandi menningar- og tómstundalífs.

Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku með fullkominni vísitölutryggingu, atvinnuöryggi, aukin félagsleg réttindi, stytting vinnutímans og bætt aðstaða launafólks til alhliða fræðslu eru brýnustu verkefni íslenskrar verkalýðshreyfingar á komandi árum. Þeim árangri nær verkalýðshreyfingin ekki án pólitísks styrkleika.

Þá bendir þingið á þá óhæfu sem nú viðgengst, að þurftartekjur verkafólks sem fengnar eru með óhóflegum vinnutíma séu hátt skattlagðar, á sama tíma og ýmiss stærstu og ríkustu fyrirtæki landsins eru tekjuskattslaus. Það er því sjálfsögð krafa að engir skattar séu á þurftartekjum, en tekjutap ríkissjóðs er af þessu hlýst verði bætt upp með sköttum á stærstu fyrirtæki í landinu, er hingað til hafa verið tekjuskattslaus.

8. þing VMSÍ ítrekar þá afstöðu sína að ef ráðist verður á kjarasamningana þá hrindi verkafólk af höndum sér öllum kjaraskerðingum eða kjaraskerðingaráformum, með þeim hörðustu gagnaðgerðum er verkalýðshreyfingin hefur yfir að ráða.

Ályktun um undirbúning kjarasamninga

Um leið og 8. þing Verkamannasambandsins áréttar nauðsyn þess að heildarsamtök verkalýðshreyfingarinnar og önnur samtök launafólks snúist sameiginlega gegn öllum tilraunum ríkisvaldsins og atvinnurekenda til að skerða árangur nýgerðra kjarasamninga áréttar þingið nauðsyn þess, að Verkamannasambandið hefji nú þegar undirbúning að næstu samningagerð. Í þessu skyni felur þingið stjórn sambandsins að sinna eftirtöldum verkefnum:

1) Að taka upp sem nánast samband við aðildarfélögin og hvetja þau til að hefja sem fyrst umræður á vinnustöðunum og félagsfundum um kröfur og vinnubrögð í næstu samningum. Þannig sé reynt að tryggja að málin hafi verið vel undirbúin í félögunum fyrir kjaramálaráðstefnuna. Sambandsstjórn aðstoði félög í þessum störfum, sé þess óskað.

2) Að vinna að ítarlegri skýrslugerð sem með samanburði leiði í ljós mismunandi kjara- og réttindastöðu ýmissa hópa launafólks og skapi þannig grundvöll að ítarlegri álitsgerð um stöðu almenns verkafólks á vinnumarkaðinum.

3) Að senda upp úr miðju næsta ári aðildarfélögum sambandsins kjarna slíkrar álitsgerðar ásamt hugmyndum um næstu áhersluatriði kjarabaráttunnar.

4) Að efna til sérstakrar kjaramálaráðstefnu Verkamannasambandsins ekki síðar en um miðjan október 1978 þar sem mótuð verði meginafstaða sambandsins í næstu kjarasamningum.

5) Að eiga viðræður við forystumenn annarra landssamtaka um hugsanlega samstöðu þessara samtaka í næstu kjarasamningum og skapa þannig grundvöll að mati væntanlegrar kjaramálaráðstefnu Verkamannasambandsins.



BOPHUTHATSWANA

Stjórn S-Afríku lýsti því yfir að hinn 6.des. sl., hefði verið stofnað nýtt sjálfstjórnar ríki innan S-Afríku. "Ríki" þetta hlaut nafnið Bophuthatswana. Þessi aðferð að stofna "sjálfstæð" heimastjórnarríki, er einn liðurinn í kynþáttastefnu Vorster-stjórnarinnar. Stjórn S-Afríku ræður öllum mikilvægustu málum og ræður lögreglunni. Bophuthatswana er mörg smá héruð, sem liggja hvergi saman og ná hvergi að sjó. Það er því háð S-Afríku um alla flutninga, flestir íbúanna vinna utan heimastjórnarsvæðanna og efnahagslegt sjálfstæði hins nýja ríkis er ekkert, því þótt þar séu miklar demantsnámur eru þær allar í eign hvítra manna. Íbúar þessa nýja ríkis sem eru allir svertingjar, hafa ekki ríkisborgararétt í S-Afríku og eru þannig sviptir þeim litlu réttindum, sem þeir höfðu fyrr.

Einingarsamtök Afríkuríkja skora á öll aðildarríki sín, að minnast "sjálfstæðisdags" Bophuthatswana, 6.des., sem samstöðudags með alþýðu S-Afríku og Namibíu, gegn kynþáttakúguninni.

Leiðrétting

Á greininni Baráttufundur í Tjarnabúð sem birtist í 43.tbl Stéttabaráttunnar, má skilja svo að Kommúnistaflokkur Íslands ml muni standa fyrir aðgerðum 17.júní næstkomandi. Þessi mistök urðu vegna þess að greinin barst til blaðsins á síðustu stundu og var því sett athugasemdalaust inn í blaðið. Þessi misbrestur okkar leiðréttist hér með.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar, sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud.15-18,30
● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
● Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.
● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.
● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.
● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

Hin tíu megintengsl
eftir Mao Tse-tung

"Hin tíu megin tengsl" flutti félagi Maó Tse-tung upphaflega sem ræðu á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína 25. apríl 1956.

Með því að birta ræðuna sem greinaflokk vill Stéttabaráttan gefa lesendum sínum tækifæri til að kynnast nánar þessum mikla leiðtoga kínversku þjóðarinnar

Hér dregur Maó Tse-tung saman reynslu Kínverja sjálfra sem og einnig reynsluna af Sovétríkjunum í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Á meistaralegan hátt dregur hann þetta saman í "tíu megin tengsl" og setur fram hugmyndir sem eru undirstaðan í stefnu sem lögð er til grundvallar í að byggja sósíalismann með stórstígari, hraðari, betri og meiri efnahagslegum árangri, stefna sem fellur að aðstæðum í Kína.

Stéttabaráttan er einnig sannfærð um að lesendur blaðsins geti marga lærdóma dregið af lestri þessa greinaflokks til brúks í eigin starfi að íslensku byltingunni.



Mao Tse-tung

IV. Tengslin milli ríkisvalds, framleiðslueininga og framleiðenda.

Tengslum ríkisvalds annars vegar og verksmiðja og samyrkjubúa í landbúnaði hins vegar; og tengslum verksmiðja og samyrkjubúa í landbúnaði annars vegar og framleiðenda hins vegar, ætti að sinna vel. Til þess ættum við að hyggja að öllum þremur hliðunum, ríkisvaldinu, framleiðsluheildinni og einstaklingnum, en ekki bara að einni þeirra. Eða, eins og við vorum vanir að segja: "hugsum bæði um herinn og alþýðuna" og "hugum bæði að opinberum hagsmunum og einkahagsmunum". Með tilliti jafnt til reynslu Sovétríkjanna og okkar eigin reynslu verðum við að sjá til þess að framvegis verði þetta vandamál leyst betur.

Tökum verkamennina sem dæmi. Þegar framleiðni þeirra eykst, ætti vinnuaðstaða þeirra og sameiginleg velferð að batna stig af stigi Við höfum alltaf verið talsmenn einfaldra lífshátta og vinnusemi og snúist öndverðir gegn því að persónuleg efnisleg gæði væru sett ofar öllu öðru; samtímis höfum við ætíð látið okkur umhugað um lífskjör fjöldans og spornað við skrifræðinu, sem er fjandsamlegt velferð hans. Með alhliða vexti hagkerfis okkar, ættu launin að fá réttláta leiðréttingu. Nýlega ákváðum við að hækka launin nokkuð, aðallega við hina lægstlaunuðu, til að minnka launabilið milli þeirra og efri launastiga. Launin eru ekki há hjá okkur yfirleitt, en miðað við fortíðina hafa lífskjör verkalýðsins batnað stórlega, af því m.a. að fleiri hafa atvinnu og verðlag er lágt og stöðugt. Á valdaskeiði öreigastjórnarinnar hafa verkamennirnir verið óbugandi og sýnt mikinn pólitískan þroska og eldmóð við vinnu. Í lok síðasta árs, þegar miðstjórnin hvatti til baráttu gegn hægri íhaldsstefnu, veitti verkalýðsfjöldinn öflugt andsvar og það svo kröftuglega, að hann gerði meira en uppfylla áætlun fyrsta ársfjórðungs, með því að vinna af öllum kröftum í þrjá mánuði samfellt. Við verðum að reyna að örva þessa vinnuhneigð og veita því samtímis enn meiri athygli að hin aðkallandi vandamál í lífi þeirra og starfi verði leyst.

Hér vildi ég gjarnan minnast á vandamálið með sjálfstæði verksmiðjanna sem lúta miðstýrðri leiðsögn. Ég er hræddur um að það sé rangt að leggja allt í hendurnar á yfirvöldum landsins eða héraðs- og borgarstjórnum, án þess að verksmiðjurnar ráði neinu, geti ekki gert neitt sjálfstætt og fái ekkert í sinn hlut. Við höfum litla reynslu af því, hvernig deila skuli valdi og ágóða réttilega milli landsyfirvalda, héraðs- og borgaryfirvalda og verksmiðja, og við ættum að rannsaka þau mál. Grundvallarlega mynda miðstjórn og sjálfstæði einingu andstæðna og því verður bæði að vera til miðstýring og sjálfstæði. Við sitjum til að mynda fund núna, sem er miðstýring; eftir fundinn munu sum okkar taka sér göngu, sum lesa bækur, sum borða, sem er sjálfstæði. Ef við slítum ekki fundi og veitum öllum visst sjálfstæði en látum hann halda áfram í það óendanlega, myndi það ekki verða bani okkar allra? Þetta á við um einstaklinga og ekki síður um verksmiðjur og framleiðslueiningar. Sérhver framleiðslueining verður að njóta sjálfstæðis samhliða miðstýringu, ef hún á að styrkjast enn frekar.

Nokkur orð um bændurna. Tengsl okkar við bændurna hafa alltaf verið góð, en við gerðum skyssu í kornmálinu. Flóðin 1954 orsökuðu samdrátt í framleiðslunni í nokkrum héruðum landsins, en samt jukum við kornkaupin um 7000 milljónir catties. Samdráttur í framleiðslu en aukning í innkaupi - þetta gerði kornið að aðalumtalsefninu í mörgum landshlutum og nálega allar fjölskyldur ræddu um kornkaup ríkisins. Bændurnir voru óánægðir og kvartanir heyrðust bæði utan flokksins og í röðum hans. Þótt örfáir gripu til vísvitandi ýkja og notuðu tækifærið til þess að ráðast gegn okkur, væri rangt að segja, að við hefðum ekki gert neitt rangt. Ófullnægjandi rannsókn og rangt mat á ástandinu leiddi til innkaupsaukningar sem nam 7000 milljónum catties; þetta var gallinn. Eftir að hann hafði verið uppgötvaður, keyptum við 7000 milljónum catties minna árið 1955 og komum á kerfi með föstum kvótum í kornframleiðslunni, innkaupi og markaðsútboði og, það sem meira er, uppskeran var þá góð. Þar sem innkaupin höfðu minnkað en framleiðslan aukist, höfðu bændurnir meira en 20.000 milljónir catties til eigin umráða. Og af þeim sökum sögðu jafnvel þeir bændur, sem áður höfðu kvartað, að Kommúnistaflokkurinn væri raunverulega góður. Allur flokkurinn þarf að hafa þessa lexíu í huga.

Sovétríkin hafa gripið til aðgerða sem þrengja mjög hart að bændunum. Þau taka of mikið af bændunum á of lágu verði, samkvæmt hinu svokallaða skyldusölukerfi og með öðrum aðferðum. Þessi aðferð við upphleðslu fjármagns hefur dregið alvarlega úr áhuga bændanna fyrir framleiðslunni. Þú vilt að hænan verpi fleiri eggjum en gefur henni samt engan mat, þú vilt að gæðingurinn fari á kostum, en lætur hann samt ekki bíta. Hvers konar rökfærsla er nú þetta?

Afstaða okkar til bændanna er ólík því sem gerist í Sovétríkjunum og hún tekur hagsmuni beggja - bænda og ríkisvalds - með í reikninginn. Landbúnaðarskattur okkar hefur alltaf verið tiltölulega lágur. Í skiptum iðnaðarafurða og landbúnaðarafurða fylgjum við reglunni að minnka verðmismuninn, þeirri reglu að skipta jöfnum eða nokkurn veginn jöfnum gildum. Ríkið kaupir landbúnaðarafurðir á gangverði og bændurnir bíða engan skaða af og innkaupsverðið hefur meira að segja hækkað stig af stigi. Bændurnir fá iðnaðarvörur samkvæmt þeirri stefnu að selja mikið magn með litlum gróða og gera verðlagið stöðugra eða draga hæfilega úr verðinu. Í héruðum sem skortir kornvöru látum við bændunum korn í té og niðurgreiðum það venjulega að vissu marki En þrátt fyrir þetta geta mistök átt sér stað, ef við gætum okkar ekki. Með tilliti til hinna alvarlegu mistaka í Sovétríkjunum í þessu máli, verðum við að gæta okkar enn betur og meðhöndla tengslin milli ríkisvalds og bænda vel.

Á sama hátt verður að huga vel að tengslunum milli bænda og samyrkjubúa. Það þarf að ákveða réttilega hvaða hluta ágóðans ríkið, samyrkjubúið og bóndinn bera hver um sig úr býtum, og á hvern hátt honum er skipt. Sá hluti sem fer til samyrkjubúsins er notaður til beinnar þjónustu við bændurna. Það þarf ekki að skýra út framleiðslukostnað og kostnaður við rekstur er líka nauðsynlegur. Viðaukasjóður er til þess að auka endurframleiðsluna og almennur velferðarsjóður er til að tryggja lífskjör bændanna. Við verðum samt sem áður að reikna út í samstarfi við bændurna, jafnaðarhlutfall milli þessara kostnaðarliða. Það verður að gæta fyllsta sparnaðar í framleiðslu- og rekstrarkostnaði. Sömuleiðis verður að halda viðaukasjóði og almennum velferðarsjóði innan skynsamlegra marka og enginn skyldi búast við því að allar umbætur verði gerðar á einu ári.

Ef ekki er við óvenjulegar náttúruhamfarir að etja, ættum við að tryggja að aukin landbúnaðarframleiðsla færi 90% meðlima samyrkjubúanna tekjuaukningu og að hin 10% hafi óbreyttar tekjur ár hvert. Og ef tekjur þeirra síðarnefndu skyldu lækka, verðum við að finna aðferðir til að leysa úr vandanum með góðum fyrirvara.

Í stuttu máli sagt, gefa verður báðum hliðum gaum, ekki einungis annarri, hvort sem ríki og verksmiðja, verksmiðja og verkamaður, ríki og samyrkjubú eða samyrkjubú og bóndi á hlut að máli. Að gefa aðeins gaum að annari hlið málsins, og þá gildir einu hvor hliðin það er, er skaðlegt sósíalismanum og alræði öreiganna Þetta er víðtækt vandamál, sem varðar 600 millj. manna og lausn þess útheimtir ítrekaða skólun alls flokksins og allrar þjóðarinnar.

framhald af forsíðu.

Hvað bætir vísitalan

vörum skiptist þannig að bóndinn fær 60-65% af hækkuninni, en aðrir aðilar fá 35-40% sem fer í dreifingu, vinnslu, sláturkostnað, söluskatt, smásölu álagningu o. fl. Af þessum 60-65% sem bóndinn fær, fer um helmingur í rekstrarkostnað búsins en hinn helmingurinn í launalið bóndans, eða rúm 30% af heildarvöruhækkuninni. Kjarasamningar gera ráð fyrir að launaliður bónda valdi ekki hækkun á kaupgjaldsvísitölu.

Þessi dæmi ættu að sýna hversu brýna nauðsyn ber til, að endurskoða vísitölugrundvöllinn í samræmi við neysluvenjur. Ástandið er þannig nú, að strax eftir að vísitalan hefur verið reiknuð út, er verðhækkunum dembt yfir Vísitölubæturnar koma svo oft ekki til útborgunar fyrr en mánuði seinna Þegar svo loksins næst er reiknuð vísitala, bætir hún engan veginn kjaraskerðingu undangengins tímabils, hvað þá hún hafi eitthvað að segja í þá næstu.

Kjarabaráttan snýst ekki um krónurnar í veskinu, heldur vörurnar sem hægt er að kaupa fyrir þær. Því verður að mæta öllum árásum á vísitöluna af mikilli hörku og berjast fyrir FULLUM MÁNAÐARLEGUM VÍSITÖLUBÓTUM Á LAUN.

Frá SINE í Uppsölum

FRÉTTATILKYNNING TIL FJÖLMIÐLA, FRÁ UPPSÖLUM.

Í lok nóvember barst Íslendingum hér í borg á ný boð í skálveislu sendiherra Íslands í Stockholm. Að þessu sinni þann 1. desember.
Á fundi námsmannafélagsins SINE, var boð sendiherrans tekið til umræðu og gerð meðfylgjandi samhljóða samþykkt. Ákveðið var að dreifa ávarpi þessu til veislugesta sendiherra í téðu boði til undir strikunar á tilgreindu ávarpi. Þann 1. des. héldu 7 fulltrúar SINE deildarinnar á vettvang. Komið var að húsi Íslendingafélaginns í Stockholm klukkustund eftir að gleðskapur hófst. Eftir að inn var komið, var sendiherra leitaður uppi, innan um mikinn fjölda skrautklæddra gesta og hvítklæddra þjóna. Í fyrstu bauð sendiherra Uppsalamenn hjartanlega velkomna. Honum var gert grein fyrir erindinu og afhent endursend boðskort ásamt ávarpi. Hjartanleikinn gufaði upp og bannaði sendiherra frekari dreifingu ávarpsins eða því að það fengi að liggja frammi. Áður en heim var haldið var ávarpinu dreift á bíla veislugesta. Vonast verkalýðssinnaðir námsmenn til að þurfa ekki framar að fá boð í svallveislur sem sendiherra heldur íslennskri borgarastétt til heiðurs.

Virðingarfyllst,
Trúnaðrmannaráð Uppsaladeildar SINE

ÁVARP Í TILEFNI FULLVELDISDAGSINS 1. DESEMBER.

Í dag, 1. desember. er minnst fullveldis íslensku þjóðarinnar. Fullveldi þjóða eru sjálfsögð lýðréttindi, en verum minnug þess að þjóðin er klofin í tvær andstæðar fylkingar, þá sem vinna og framleiða þjóðarauðinn og þá sem slá eign sinni á hann og ráðstafa að eigin vild. Fullveldið sem hlaust 1. desember 1918 var aðeins formleg staðfesting á fullveldi borgarastéttarinnar yfir vinnandi alþýðu. Þetta fullveldi er órofið síðan. Það staðfestist meðal annars af því að íslenskir borgarar eru svo vel í skinn komnir að þeir arðræna ekki aðeins íslenska alþýðu, heldur stunda einnig arðrán á erlendum verkalýð. Dæmi um þetta er t.d. kaup Loftleiða á flugfélaginu Air Bahama og umsvif Breiðholts h/f í Nígeríu. Við sjáum því ekki neina ástæðu til þátttöku í þeim dýrðardansi sem borgarastéttin iðkar sjálfri sér til heiðurs. 1. des. og 17. júní, allra síst meðan verkalýður berst í bökkum og námsfólki er neitað um lífvænleg lán. Hið eina fullveldi sem verkalýðurinn og vinnandi alþýða geta fagnað, er bein stjórn verkalýðsins yfir framleiðslunni og dreifingu verðmæta.

Samþykkt samhljóða., Uppsala deild SINE 27. nóv. 1977.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
44. tbl. 13.12.1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Alþýðuflokkurinn er það sem hann hlaut að verða

Alþýðuflokkurinn var stofnaður í Rvík þann 12. 3 1916 og var upphaflega sá hluti Alþýðu sambands Íslands er starfa skyldi á vettvangi sveitastjórnar og þjóðmála fyrir hagsmunum alþýðunnar undir merki jafnaðarstefnunnar (sósíaldemokrata). Árið 1930 klofnaði flokkurinn í annars vegar Alþýðuflokkinn og hins vegar Kommúnistaflokk Íslands. Sá klofningur stafaði af því að upp höfðu komið innan flokksins tvær ósættanlegar línur. Önnur var stefna stéttasamvinnunnar sem sveik verkafólk í sjálfsögðustu hagsmunamálum þess t.d. í baráttunni fyrir 8 stunda vinnudegi á mannsæmandi kaupi. Í stað þess að halda uppi baráttu gegn ríkisvaldi auðherranna í hverri mynd sem það birtist, ráku stéttasamvinnumennirnir afsláttar-og bræðingspólitík við auðvaldið. Sú stefna hefur einkennt Alþýðuflokkinn síðan.

Hin stefnan sem kom upp innan Alþýðuflokksins var leið stéttabaráttunnar sem vildi vægðalausa baráttu gegn auðvaldsskipulaginu og fyrir hagsmunum verkalýðsins. Þeir sem voru fylgjandi stéttabaráttustefnunni sáu fram á að Alþýðublaðið málgagn Alþýðuflokksins vanrækti að boða og útbreiða sósíalisma þannig að það var í raun orðið tæki til að viðhalda borgaralegum hugsunarhætti meðal alþýðu og auka hann.

Því var orðið nauðsynlegt að stofna kommúnískan verkalýðsflokk og byggja upp nýtt málgagn. Þá var stofnaður Kommúnistaflokkur Íslands og málgagn hans var Verkalýðsblaðið.

Fylgi Alþýðuflokksins dvínar.

Síðan fyrrnefndur klofningur varð í Alþýðuflokknum hefur fylgi hans meðal kjósenda staðið tiltölulega í stað. Hlutfallslega fær Alþýðuflokkurinn flest atkvæði árið 1934 eða 21,7%. Síðan hefur hann um það bil 14 - 15% greiddra atkvæða að meðaltali, fram til kosninganna 1971 og 1974.

Þá fellur fylgi hans ískyggilega mikið því 1971 fær hann 10,5% og 1974 fær hann 9,1%.

Þessi dæmi sína ljóslega að ekki mátti við svo búið standa og það var forystumönnum Alþýðuflokksins ljóst. Ef flokkurinn ætti ekki að bíða enn eitt afhroðið í kosningunum 1978 þá yrði að hressa svolítið upp á hann, þannig að hann gengi í augun á kjósendum. Og svo var haldið prófkjör.

Prófkjörin lýðskrum.

Öllum er það vel ljóst að prófkjör flokkanna Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins, áttu að sýna lýðræðisást þeirra umfram aðra flokka.

Þar er því haldið til staðar að baráttan sem fram fer í þjóðfélaginu sé spurning um einstaka menn en hvorki stéttir né málefni.


Þar er því haldið fram á hálfkveðinn hátt að smávægilegar mannabreytingar innan raða forystumannanna valdi eðlisbreytingu á starfi og stefnu flokkanna.

Þar kemur vel fram hversu þessir flokkar eru sundraðir og ólýðræðislega uppbyggðir.


Því innan þeirra á sér stað sjúkleg valda-og hagsmunabarátta, í stað einingar og lýðræðislegra umræðna með uppbygginguna í huga. Hve vel þetta afhjúpaðist er ómetanlega jákvæð hlið á prófkjörunum.

LEIÐRÉTTING

(Í greininni Alþýðubandalagið ofar hagsmunum verkafólks sem birtist í 43. tbl. Stéttabaráttunnar, var gerð meinleg villa í uppsetningu. 20 síðustu línur greinarinnar eiga að vera milli greinaskilanna í öðrum dálki til vinstri á bls. 3. Ritnefnd biðst velvirðingar á þessum mistökum og mun reyna að sjá til þess að slíkt komi ekki fyrir oftar)



Málsvari iðnrekenda.



Framleiðsluvörur iðnverkafólks.

Íslensk framleiðsla eða íslensk framleiðsla

Í Þjóðviljanum 1.des sl. birtist dagskrárgrein eftir Björn Bjarnason form. Landssambands iðnverkafólks, undir fyrirsögninni "Hið heilaga geldneyti Alþýðubandalagsins".

Björn hefur undanfarið vaðið ótrauður fram á ritvöllinn til að berjast fyrir iðnrekendur. Hefur hann þar mikið hampað kjörorðunum: "Íslenskur iðnaður hagur okkar allra" og "veljum íslenskt." En það er ekki sama hver hin íslenska framleiðsla er. Það telst ætíð "hagur okkar allra", að kaupa íslenska iðnaðarvöru, jafnvel í þeim tilvikum þegar hún er dýrari og verri. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt, að kaup á íslenskum iðnaðarvörum, duttu niður í sama hlutfall skömmu eftir að auglýsingabrjálæðinu um íslenskan iðnað lauk, eins og var fyrir herferðina. Hvað veldur? Óþjóðhollusta? Þegar víkur að kaupum á íslenskum landbúnaðarvörum, hefur Björn svarið á reiðum höndum: "Staðreyndin er einfaldlega sú að almenningur kærir sig ekki um að neyta meira af framleiðsluvörum landbúnaðarins en hann gerir nú." Þá segir Björn, um leið og hann hneykslast á niðurgreiðslunum :... "sem betur fer eru lífskjör almennings ekki svo slæm að hann geti ekki hagað neysluvenjum sínum nokkurn veginn í samræmi við það, sem hann telur sér best henta."

Þegar landbúnaðarvörur eru niðurgreiddar verður það til þess að verð þeirra verður lægra en á annarri matvöru. Vegna hinna lágu launa sem fólk hefur almennt, kaupir það auðvitað helst þá vöru sem ódýrust er. Þetta finnst Birni vera þvingun gegn frjálsu vöruvali. Gegn þessari þvingun finnur hann aðeins eitt ráð, sem alveg er í samræmi við önnur hans ráð, en það er, að hækka viðkomandi vöru svo ekki verði hægt að kaupa hana öðrum fremur. Þetta er eins og með launajöfnunarstefnu ASÍ, hún felst í að lækka hæstu laun svo þau verði sambærileg þeim lægstu.

Snúum okkur nú að hjartans máli Björns, - iðnrekendum. Iðnaðurinn þarf að kaupa landbúnaðarvörur, eins og ull og mjólkurduft, -óniðurgreitt. Hafa menn heyrt annað eins? Réttlætinu væri kannski fullnægt, ef landbúnaðarvörur væru niðurgreiddar til fyrirtækja, en ekki til almennings.

Þegar Björn Bjarnason málsvari iðnrekenda, fjallar um íslenskan iðnað, stafar sölutregða af; ónógum fyrirgreiðslum hins opinbera, óþjóðhollum áróðri um að útlensk vara sé betri en innlend og ótrúlegu skilningsleysi almennings á "hag okkar allra". En þegar svipað er viðhaft um íslenskan landbúnað er svar Björns: "Að halda fram svona fjarstæðu er annað tveggja fáheyrður barnaskapur eða fádæma ósvífni og þykir mér síðari tilgátan satt að segja líklegri." Og mönnum með þessar skoðanir er lýst við lúsugan fugl, sem hvergi á að koma í nánd við mannabústaði, vegna þeirra óþrifa er honum fylgja.

Nei, það er greinilega ekki sama hver hin íslenska framleiðsla er.

Í næsta blaði mun koma grein um vígorðið "Hagur okkar allra" sem er nýyrði yfir gamla vígorðið "Stétt með stétt."

Barátta námsmanna

framhald af forsíðu.

þar af leiðandi að fullu til baka. Námslán eru ekki notuð til að fjárfesta í steinsteypu, heldur eru þau notuð til kaupa á nauðþurftum, þess vegna viljum við ekki una vísitölutryggingunni, sem er mun hærri en allra hæstu víxilvextir." Að lokum segir í dreifiriti námsmanna: "Við vonum að þetta dreifirit hafi að einhverju leyti leiðrétt þann misskilning, sem ríkir um kjör námsmanna og sýnt að við setjum fram kröfuna um efnahagslegt jafnrétti til náms, en ekki efnahagsleg forréttindi

Öllum er ljóst að til að ná fram kröfum sínum verða námsmenn að heyja baráttu.

Innan námsmannahreyfingarinnar eru þó ólík viðhorf til þessa máls. Hluti námsmanna trúir enn á kenninguna um "vinsamlegt ríkisvald" og vill því fara þá leið að reyna að hafa áhrif á einstaka þingmenn eða flokka til að láta þá knýja fram umbætur í lánamálum. Gegn þessum skoðunum verða allir framsæknir námsmenn að sameinast.

Reynsla okkar ætti að hafa kennt okkur að leið fjöldabaráttunnar er eina færa leiðin.

Ljóð Mao Tsetung komin út



„Menn hafa áður fyrr kynnst stjórnvitringnum og heimspekingnum Maó Tsetúng, en með þessari bók kynnast þeir öðrum eðlisþætti hans, það er skáldinu og listamanninum Maó Tsetúng."

Úr aðfararorðum Arnþórs Helgasonar formanns KIM að bókinni

Ljóð Maós Tsetungs GANGAN MIKLA kostar kr. 3.850.- og fæst í RAUÐU STJÖRNUNNI Lindargötu 15, sími 27810 Sendum einnig í póstkröfu.

Bók þessi er öll hin vandaðasta að gerð. Í henni eru öll ljóð Maós Tsetungs á íslensku í þýðingu Guðmundar Sæmundssonar og flest ljóðin einnig á kínversku. Enn fremur eru þar ljóð eftir kínversk skáld um Maó formann. Þá eru skýrðir bragarhættir á ljóðum Maós og loks er stutt æviágrip hans, sem er órjúfanlega tengt sögu kínversku byltingarinnar. Bókin er prýdd fjölda mynda eftir kínverska listamenn.


Stéttabaráttan

Áskrifta og söluherferðin gengur með ágætum, en henni á að ljúka um áramótin. Þrátt fyrir að nýir áskrifendur telji aðeins 75 er það ekki allur sannleikur í málinu. Tæplega 100 manns eru reynsluáskrifendur fram til áramóta og mun þá koma í ljós hve stór hluti þeirra mun gerast fastir áskrifendur.

Unnið er skipulega að því að bæta tækjakost blaðsins fyrir áramót og verður þá útlit og stæð blaðsins þá allt með betri hætti en verið hefur.

Aukin útbreiðsla-Bættur fjárhagur-Tíðari útgáfa.

Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.



Nýjar áskriftir skal póstsenda til : Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15, Pósthólf 1357. S: 27810.